

Bjarni Reykjalín,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar og  
Skútustaðahrepps  
Kjarni  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140700098/ksj

### Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023, Geiteyjarströnd 1, ferðapjónusta.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, Geiteyjarströnd 1, ferðapjónusta. Í gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps er svæði fyrir ferðapjónustu áætlað 1,6 ha, en í breytingartillögu er gert ráð fyrir að svæði fyrir ferðapjónustu verði 5 ha.

Nú þegar eru ferðapjónustubyggingar á svæðinu, 8 smáhýsi og eitt gisti- og þjónustuhús. Áætlað er að innan landnotkunarreitsins verði skipulagðar byggingar á fjórum svæðum. Á þessum svæðum verða eftirfarandi framkvæmdir: 12 gistihýsi hvert að hámarki 50 m<sup>2</sup>, eitt starfsmannahús allt að 150 m<sup>2</sup>, eitt gistiþjónustu-/íbúðarhús allt að 200 m<sup>2</sup> og 2 ný íbúðarhús ábúenda, allt að 200 m<sup>2</sup> hvort.

#### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð lýsingar og skv. uppdrætti er fylgir lýsingu mun áætlaður landnotkunarreitur ná yfir svæði innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu kemur fram að ákvæði laganna taki til Mývatns og Laxár með engjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðu megin. Í lögnum kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxásvæðinu og einnig kemur fram að lögin eigi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd. Einnig kemur fram í 3. gr. ofangreindra laga að óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á ofangreindu landsvæði. Að mati stofnunarinnar ætti landnotkunarreitur ekki að ná inn fyrir verndarsvæðið. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem geta haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landssvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Einnig er innan ofangreinds skipulagssvæðis, svæði þar sem er hraun er nýtur sérstakrar

verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Þar sem eitt af markmiðum gildandi aðalskipulags Skútustaðahrepps er að lögð skuli rík áhersla á náttúruvernd og að forðast skuli röskun jarðmyndana og vistkerfa er njóta ofangreindrar sérstakrar verndar þá væntir Umhverfisstofnun þess að við framkvæmdir verði forðast að raska hrauni eins og kostur er.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllt

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Agnar Bragi Bragason*

Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur

Skipulagsstofnun

